

<i>Titill:</i>	<b>2. fundur ráðgjafanefndar Hagstofu Íslands um aðferðafræði</b>
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	Hagstofa Íslands, 24. maí 2016, klukkan 10:00-12:00.
<i>Fundarstjóri:</i>	Anton Örn Karlsson
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Hrafnhildur Arnkelsdóttir, Lárus Blöndal, Violeta Calian
<i>Aðrir fundarmenn:</i>	Anna Helga Jónsdóttir, Ásgeir Daníelsson, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Haukur Freyr Gylfason, Helgi Tómasson
<i>Fjarverandi:</i>	Daníel Guðbjartsson

---

Fundur var haldinn í ráðgjafanefnd Hagstofu Íslands um aðferðafræði. Þrjár kynningar voru haldnar á fundinum, tveir aðferðafræðilegir pappírar voru kynntir auk þess sem nefndinni var kynnt staðan á skrifum aðferðafræðihandbókar Hagstofunnar. Á upphaflegri dagskrá fundarins var gert ráð fyrir kynningu um vinnu Hagstofunnar við mat á smáum hópum (*small area estimation*) en þeirri kynningu var frestað til haustfundar 2016.

AÖK kynnti stöðu mála í tengslum við aðferðafræðihandbók Hagstofu Íslands. Þar hefur athyglinni fyrst og fremst verið beint að árstíðaleiðréttingum, hvernig má hindra rekjanleika í útgefnum hagtölum, mat á smáum hópum, skráningu lýsigagna fyrir örgögn, gagnagnótt (*big data*) og gagnagröft (*data mining*).

Nokkur umræða spannst um árstíðaleiðréttingar og ástæður þess að Hagstofan beitti slíkum aðferðum. HT benti á að fyrir ákveðna notendur skapaði þetta vandamál og því þyrfti jafnvel að endurvinnna gögnin og hreinsa út árstíðaleiðréttinguna til að geta notað þau – vísaði hann þar til Tim Harford í þessu samhengi. Í birtum tölum hefur Hagstofan reynt að birta bæði árstíðaleiðréttar tölur sem og hráa tölugildi til að tryggja nytsemi gagnanna. En árstíðaleiðréttingu er fyrst og fremst beitt til að auðvelda notendum að sjá leitni í hagtölum.

AHJ spurðist fyrir um hvaða hugbúnaður væri notaður til að skrá aðferðafræðihandbókina og mælti sjálf með knitr sem er pakki fyrir tölfræði-hugbúnaðinn R fyrir skýrsluskrif þar sem meðal annars er hægt að skrifa inn R-kóða.

VC fjallaði í sinni kynningu um forspár í tímaröðum fyrir mannfjöldaspár Hagstofunnar með sérstakri áherslu á óvissu forspárinnar.

Eftir kynninguna ræddi HT um hazard líkön fyrir dánarlíkur, útlaga í tímaröðum og vandann við gögn þar sem halar dreifinga eru þungir. Kosturinn er að gögnin sem VC kynnti eru ekki af þeim toga. Einnig þarf að hafa í huga ergodic forsendur í tímaraðagreiningu af þessu tagi og jafnvel að prófa hvort þessar forsendur séu uppfylltar. ÁD minntist á að hægt væri að meta gæði spáa um mannfjölda með því að skoða hvernig gamlar spár hefðu reynst - ef þær hefðu reynst vel þá ætti það að auka trúverðuleika spáaðilans. Hins vegar verður ávalt mikil óvissa um fólksfjöldaþróun í framtíðinni, sérstaklega þegar um er að ræða spár sem ná langt fram í tímann vegna mögulegra framfara í læknavísindum.

ÁD spurði um hvort einhvers staðar væri til skjölun á þessum aðferðum Hagstofunnar. Til er vinnupappír sem er skrifaður af VC um þessar aðferðir þar sem nálgast má allar helstu upplýsingar<sup>1</sup>.

Þar sem kynningin fjallaði um mannfjöldatölur varð nokkur umræða um fréttatilkynningu og skýrslu sem Hagstofan sendi frá sér í tengslum við umræðu um fólksflotta ungs fólk með langa skólagöngu að baki. ÁHJ þótti skýrslan vera Hagstofunni til skammar og að ekki hafi verið reynt að svara réttu spurningunni með henni. Skýrslan og fréttatilkynningin voru til marks um stefnubreytingu Hagstofunnar um að taka virkari þátt í þjóðfélagsumræðunni. Í þessu tilfelli varð það umdeilt og felst í því mikilvæg reynsla sem stofnunin hyggst draga lærdóm af.

AÖK kynnti aðferðir til að meta svarskekkju í úrtaksrannsóknum (þar á meðal R-mælitöluna) í stað svarhlutfalls þar sem svarhlutfall er yfirleitt lítið eða ótengt svarskekkju í úrtaksrannsóknum. HT benti á að hægt væri að nota instrumental variable aðferðir til að skoða þessa hluti en honum þótti aðferðirnar að baki R-mælitölnni frekar einfaldar og óproskaðar. Hann benti á bækurnar Mastering Metrics og Mostly Harmless Econometrics eftir Angrist og Pischke sem ákjósanlegar heimildir um aðferðir sem byggja á instrumental variable hugmyndafræðinni.

---

<sup>1</sup> [https://hagstofa.is/media/49844/population\\_projections\\_when\\_using\\_time\\_series\\_april\\_2016.pdf](https://hagstofa.is/media/49844/population_projections_when_using_time_series_april_2016.pdf)

Fleiri mál voru ekki rædd og var fundi slitið um klukkan 12:00.